

42. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 9. janúar 2008, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 14. desember
 - b) Framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar
 - c) Félagsheimilið á Blönduósi
 2. Erindi frá Vilko ehf.
 3. Erindi frá Óbyggðanefnd
 4. Erindi frá Jónasi Skaftasyni
 5. Erindi frá Samgönguráðuneytinu
 6. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

Í upphafi fundar var mínútu þögn til að minnast Hilmars Kristjánssonar
fyrirverandi bæjarfulltrúa, oddvita og fyrsta forseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar.

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 14. desember
Lögð fram til kynningar
 - b) Framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar
Lögð fram til kynningar
 - c) Félagsheimilið á Blönduósi
Lögð fram til kynningar.

*Bæjarstjóra falið að senda bréf á leikfélagið til umsagnar varðandi tillögur að
breytingum á rekstrarfyrirkomulagi Félagsheimilisins.*

2. Erindi frá Vilko ehf.

*Fyrirhugað er að auka hlutafé í Vilko ehf. um 10.m.kr. að nafnvirði og hafa SAH Afurðir
ehf og O.Johnson og Kaaber lýst áhuga að kaupa. Þess er óskað að Blönduósbær falli
frá forkaupsrétti sínum.*

Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti.

3. Erindi frá Óbyggðanefnd

*Lagt fram til kynningar og upplýst að Óbyggðanefnd hefur samþykkt beiðni
fjármálaráðherra að breyta afmörkun á svæði 7 og auk þess að veita viðbótarfrest til að
lýsa kröfu íslenska ríkisins á sama svæði.*

4. Erindi frá Jónasi Skaftasyni

*Óskað er eftir skilti sem vísar á Blöndubbyggð og brimbrjóti/varnargarði við bakkann á
Blöndu.*

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

5. Erindi frá Samgönguráðuneytinu

Um áramótin flyst umsýsla sveitarstjórnarmála frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis.

6. Önnur mál

1) Fundargerð Héraðsnefndar frá 20. desember lögð fram til kynningar

2) Beitarhólf

Páll Ingbór mættur og greinir frá stöðu beitarhólfa í sveitarfélaginu.

3) Snjómokstur og söndun gangstétta

Umræður sköpuðust um fyrirkomulag snjómoksturs.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:00

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Áheyрnarfulltrúi:

Jón Örn Stefánsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)